

Skilmálar vegna greiðslu og skráninga fyrir frístundaheimli



Skráning

Skráning í frístundaheimili fer fram á „Mínum síðum“ á www.hafnarfjordur.is og skal fara fram fyrir **1. júlí fyrir haustönn**, sem er tímabilið frá ágúst til og með desember, og **fyrir 1. desember fyrir vorönn**, (ef barn er að byrja á vorönn), sem er janúar til og með júní. Uppsögn fyrir vorönn verður að tilkynna fyrir 15. desember annars framlengist umsókn til og með júní. Ef foreldrar vilja gera breyting á skráningunni fyrir **haustönn** þá er hægt að gera það **frá 1. september til 15. september** og tekur breytingin gildi þann 1. október og fyrir breytingu á **vorönn** þá er hægt að gera það **frá 1. janúar til 15. janúar** og tekur breytingin gildi 1. febrúar. Nánari upplýsingar er að finna á <http://www.hafnarfjordur.is/ibuar/skolar-og-born/fristundaheimili/>

Mikilvægt er að fram komi ef barn þarf á stuðningi að halda.

Foreldrar geta valið um fjölda daga sem þeir kaupa fyrir barnið. Síðdegishressing er innifalin.

Ef barn þarf að hætt á öðrum tíma en gefinn er upp hér að ofan þá þarf ósk um uppsögn með skýringu sem falla undir undanþágu að berast til viðkomandi verkefnastjóra. Sjá nánar á <http://www.hafnarfjordur.is/ibuar/skolar-og-born/fristundaheimili/>

Systkinaafsláttur er einungis greiddur ef systkini hafa sama lögheimili.

Ef skuld er við Hafnarfjarðarbæ vegna leikskólagjalda eða frístundaheimila þá verður umsókn ekki samþykkt nema greiðandi greiði eða semji um skuldina.

Viðkomandi verkefnastjóri frístundaheimilis sendir staðfestingu á foreldra þegar barnið getur hafið dvöl á frístundaheimilinu.

Greiðslur

Gjald fyrir vistun er innheimt fyrirfram með bankakröfu. Gjald daga er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum eftir gjalddaga. (Greiðsla fyrir veru í frístundaheimili fyrir ágúst og septembermánaðar er þó á gjalddaga þann 20. september og eindagi þann 5. október). Fimm dögum eftir eindaga er send út innheimtuviðvörðun með innheimtukostnaði og 15 dögum síðar er ógreidd krafa send þeim sem sér um milliinnheimtu fyrir Hafnarfjarðarbæ með tilheyrandi kostnaði. Gjald fyrir vistun í júní innheimtist með maímánuði á gjalddaga 1. maí.

Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna foreldra, hafi þrjár mánaðargreiðslur ekki borist, samkvæmt verklagsreglum.

Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna séu foreldrar þeirra í vanskilum vegna leikskóla- og frístundaheimilsgjalda. Gildir þá einu að skuldin sé ekki vegna viðkomandi barns.

Skráningaraðili er ábyrgur fyrir að allar upplýsingar séu réttar og þar á meðal að skráður greiðandi sé samþykktur.